

1. febrúar, 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Félag um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ) hefur fengið sent til umsagnar frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ (320. þingmál). FSFÍ tekur ekki afstöðu til efnis frumvarpsins eins og það lýtur að fjárhagslegum forsendum framkvæmdar við uppbyggingu gagnavers í Reykjanesbæ. Í tilefni af fyrirhugaðri framkvæmd vill félagið þó koma eftirfarandi sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina:

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að gagnaversþjónusta sé ört vaxandi atvinnugrein á hnattrænum markaði. FSFÍ tekur undir þetta sjónarmið. Að mati félagsins felast mikil tækifæri fyrir Ísland í uppbyggingu gagnversþjónustu. Landið er vel staðsett landfræðilega milli Evrópu og Ameríku. Það býr yfir ríkulegum og vistvænum orkuauðlindum og menntunarstig íslensku þjóðarinnar er hátt. Íslendingar hafa jafnan skipað sér í fremstu röð þegar kemur að nýtingu upplýsingatækni. Ísland ætti því að vera ákjósanlegur kostur þegar kemur að hýsingu og rekstri stórra gagnavera.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er nauðsynlegt að búa gagnaversþjónustu hér á landi viðunandi lagalegt umhverfi til að atvinnugreinin verði samkeppnishæf. Þeir náttúrulegu kostir sem Ísland býr yfir á þessu sviði duga ekki einir og sér. Í frumvarpinu er fyrst og fremst fjallað um það skattaumhverfi sem nauðsynlegt er talið að búa fjárfestum meðan á uppbyggingu gagnavers í Reykjanesbæ stendur. FSFÍ vill hins vegar beina sjónum lengra fram á veginn og huga að því lagalega umhverfi sem nauðsynlegt er til að gera íslensk gagnaver, þegar þau hafa verið reist, að ákjósanlegum kosti á hnattrænum markaði.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að viðskiptavinir gagnavera á borð við það sem fyrirhugað er að reisa í Reykjanesbæ eru m.a. stórnotendur tölvukerfa "á sviði fjármálaþjónustu, netmiðlunar og fjölmiðla, lífvísinda og genatækni, olíu- og gasfélög, auk mennta- og rannsóknastofnana á sviði afkastamikillar reiknitækni." Ljóst er að slíkir viðskiptavinir munu ekki kjósa að hýsa gögn sín, sem í mörgum tilvikum verða verðmætasta eign þeirra, í íslenskum gagnaverum

nema ljóst sé fyrirfram að þeim verði tryggð fullnægjandi vernd með lögum.

Eins og áður segir er gagnaversþjónusta veitt á hnattrænum markaði. Samkeppnishæfni fyrirtækja á þessum markaði felst ekki síst í því lagalega umhverfi sem stafrænum gögnum er búið í lögum þess ríkis þar sem verin eru starfrækt. Þeim mun ríkari verndar sem þessi gögn njóta að lögum viðkomandi ríkis þeim mun samkeppnishæfari verða þau fyrirtæki á sviði gagnaversþjónustu sem þar starfa. Í þessu sambandi má m.a. nefna Svíþjóð þar sem hagstætt lagaumhverfi hefur skapað forsendur fyrir öflugri atvinnugrein á sviði gagnahýsingar.

FSFÍ telur að nauðsynlegt sé að huga strax að því lagalega umhverfi sem gera muni íslensk gagna-
ver samkeppnishæf þegar þau hafa verið reist. Félagið mælist til þess að Alþingi feli stjórnvöldum
að skoða hvernig best megi standa að því að búa gagnaversrekstri viðunandi lagalegt umhverfi á
Íslandi svo unnt verði að byggja hér upp öfluga og vistvæna atvinnugrein á sviði upplýsingatækni.

Virðingarfyllst, f.h. FSFÍ,

Flóki Ásgeirsson